



*Theódór Skúli hélt utan um málþing um réttarstöðu heilbrigðisstarfsmanna í síbreytilegu lagaumhverfi á Læknadögum.*

## Purfum óháða nefnd atvika í heilbrigðiskerfinu

**Skipa á óháða nefnd atvika í heilbrigðiskerfinu, áþekka og rannsóknarnefnd samgönguslysa. Þetta segir Theódór Skúli Sigurðsson, formaður Félags sjúkrahúslækna. Undir það taka Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélags Íslands, og Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala**

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Þau segja öll að ekki þurfi aðeins að skipa óháða nefnd heldur sé einnig mikilvægt að setja á laggirnar sjálfstætt embætti umboðsmanns sjúklinga, til að halda utan um þessi mál og styðja almennilega við sjúklinga og aðstandendur. Theódór hélt utan um málþing um réttarstöðu heilbrigðisstarfsmanna í síbreytilegu lagaumhverfi á Læknadögum.

„Ég myndi vilja að aðkoma lögreglu yrði engin á frumstigum alvarlegra atvika og aðeins ef fullvissa fæst um að málin eigi heima þar,“ segir Theódór við *Læknablaðið* en ítrekar að hafi heilbrigðisstarfsmaður af ásetningi unnið sjúklingi skaða sé það alltaf lögreglumál. Undir þetta taka Steinunn og Ólafur einnig en hann sat í starfshópi sem skilaði skýrslu um úrbætur vegna alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu í september 2015.

Theódór opnaði sig á Læknadögum um líðan sína við andlát lítils drengs sem veiktist alvarlega í kjölfar hlaupabólu í Lundi í Svíþjóð.

„Hann deyr í höndunum á mér þegar ég er að undirbúa hann fárveikan fyrir

öndunarvél,“ segir hann. Mikil töf hafi orðið á réttari meðferð af ötta við hlaupabólusmit innan Barnaspítalans, og skýrt hafi við rótargreiningu á málinu að enginn sinni barninu almennilega þá 20 klukkutíma sem það hafði verið á spítalanum en tugir streymt að þegar endurlífgun hófst.

„Ég var ónýtur eftir að endurlífgunin tókst ekki. Þrjátíu manns streyma úr stofunni og eftir stend ég, aftengi barnið úr öndunarvélinni og rétti foreldrunum.“ Andlátíð hafi verið mikið áfall og enn meira þegar hann áttaði sig á að fólk vissi af kerfislægum brestum í aðstöðunni innan spítalans. Foreldrarnir hafi ekki ásakað hann enda séð að allt hafi verið reynt á þessari 20. stundu sem barnið var á spítalanum og hjá honum.

„Verkferlar á þessum spítala eru nú allt aðrir þegar barn kemur inn með hlaupabólu og sýklasótt,“ segir hann og lýsir því hvernig Barnaspítalanum í Lundi hafi verið breytt í kjölfarið.

„Á þessum tímupunkti ákvað ég að verða betri læknir,“ segir Theódór og að það geri hann með því að berjast fyrir betri

### Ráð Theódórs

- Skráið alltaf allt niður í sjúkraskrá, fari eitthvað úrskeiðis
- Upplýsið sjúkling/aðstandendur strax augliti til auglitis
- Mætið aldrei í viðtal strax eftir óvænt atvik
- Mætið aldrei ein í viðtal eftir óvænt atvik
- Ekki fara beint úr alvarlegu atviki í að sinna næsta sjúklingi – þú þarft að ná áttum

aðbúnaði starfsmanna og því að læknar hér á landi fái tækifæri til að læra af reynslunni. Þeir eigi ekki að þurfa að óttast mál-sókn og persónulega ábyrgð, verði kerfislæg mistök í þjónustunni.

„Það er til skammar að skýrsla um alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu sem kom fram fyrir 7 árum sé ekki komin lengra í kerfinu og fyrst núna verið að skipa starfshóp um að taka málið lengra,“ segir hann.

Hann væntir þess að breytingar verði gerðar sem haldi utan um heilbrigðisstarfsmanninn þannig að upplýsingaöflunin hverju sinni verði nýtt til að bæta öryggi sjúklinga en ekki notuð gegn starfsmanninum. Ef starfsmenn treysti þessu, komi uppspretta mistakanna upp á yfirborðið.

„Þá getum við fyrirbyggt atvikin og aukið öryggi sjúklinga. Þá geta sjúklingar og aðstandendur fengið að vita hvað gerðist og starfsmenn viðurkennt ef eitthvað fer úrskeiðis. Mér finnst skipta öllu máli að fólk geti dregið lærdóm af mistökum sínum.“

# Sjá ekki að aðstaðan verði bætt í bráð

„Við höfum ekki heyrt neitt frekar frá heilbrigðisráðuneytinu,“  
segir Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins



Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, hvetur yfirvöld til að bregðast við. „Aðstaða krabbameinssjúkra á Landspítala er óviðunandi.“ Undir það taka yfirlæknar deildarinnar. Mynd/gag

Frétt *Læknablaðsins* um að Krabbameinsfélagið hefði boðið 450 milljónir króna framlag yrði ráðist strax í uppbyggingu nýrrar dagdeildar vakti athygli. Málið var rætt á Alþingi. Heilbrigðisráðherra sagði þar framtakið virðingarvert. Hann sagðist vona að hægt yrði að nýta boðið en að það þyrfti að gera í samhengi við aðra uppbyggingu Landspítala.

Halla segir að félagið hafi átt fund með nýjum forstjóra Landspítala sem hafi verið bæði skilningsríkur og meðvitaður um vandann. Ákvarðanir um húsnæðismál séu hins vegar ekki í höndum Landspítala heldur stýrihóps um Hringbrautarverkefnið NLSH ohf., Nýjan Landspítala.

Halla bendir á að aðalfundarsamþykkt félagsins gildi í eitt ár, en aðalfundurinn var í lok maí í fyrra. „Það er ekkert sem bendir til að þiggja eigi boðið.“ Því sé ekki útlit fyrir að breytingar verði á að-

stöðu krabbameinssjúkra á meðan beðið er eftir að yfirvöld skilgreini hlutverk spítalans, þörf fyrir húsnæði út frá því og ástandsmeti allar byggingar.

„Það er auðvitað skynsamlegt að vita hvert stefnir en ég get ekki ímyndað mér annað en allur þessi ferill taki langan tíma. Ég spyr: Hvar eiga sjúklingar að fá þjónustu á meðan og hvernig á að vinna að bættri þjónustu?“ Enginn geti svarað því. „Vandinn er núna,“ segir Halla.

## Krabbameinsleit forðað hundruð kvenna frá dauða

Yfir 450 konum var forðað frá ótímabærum dauða á árunum 1972-2020 með leghálskrabbameinsleit. Þetta kom fram í máli Laufeyjar Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Rannsóknar- og skráningarseturs Krabbameinsfélagsins, á Lækna- dögum.

Tölurnar eru miðaðar við andlát vegna leghálskrabbameins á árunum 1967-1971 og frá Krabbameinsfélaginu. „Þetta er klárlega vanmat því tölurnar voru á uppleið í löndum þar sem ekki var skimun,“ sagði hún í pontu.

## Þórarinn í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins



Þórarinn Guðnason hjartalæknir er annar tveggja sem kosnir hafa verið nýir í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins. Frambjóðendurnir voru tíu og úrslitin

kynnt á aðalfundinum í marslok.

„Ég er þakklátur sjóðsfélögum fyrir traustið og hlakka til að takast á við verkefnin,“ sagði Þórarinn þegar *Læknablaðið* náði tali af honum. Hann beið þá þess að sitja fyrsta stjórnarfundinn mánudaginn 25. apríl.

Alls nýttu 838 kosningaréttinn og er mesta kjörsókn í sögu sjóðsins. Þórarinn varð efstur í kjörinu með rúm 53% en Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum, annar með tæp 12%. Frosti Sigurjónsson var kosinn nýr varamaður í stjórn.

## Mínerva komin í gagnið

Mínerva – rafrænt skráningarkerfi fyrir lækna til að skrá og halda utan um símenntun sína, er komin í gagnið. Kerfið ásamt leiðbeiningum er á innri vef LÍ. Hrönn Pétursdóttir, verkefnastjóri Læknafélags Íslands, segir að næstu mánuði prófi hópur lækna Mínervu. „En skráningarkerfið er nú opið öllum félagsmönnum sem vilja nota það.“

Skrá þarf sérgrein og vinnustað þegar farið er inn á innri vefinn í fyrsta sinn. „En að því loknu birtist innri vefurinn eins og vanalega nema efst í hægra horninu hefur nú bæst við slóð á Mínervu,“ segir Hrönn og hvetur alla til að skrá símenntun sína.

„Með því að skrá geta læknar séð hversu mikil símenntun hefur verið



Hrönn Pétursdóttir, verkefnastjóri Læknafélags Íslands

ástunduð á gefnu tímabili og hvort hún uppfyllir lágmarks viðmið sem skilgreint er í leiðbeiningum um símenntun,“ segir hún. Á Mínervu er dagbók um lærdóminn og hægt að taka út skýrslur sem gefa yfirsýn yfir ástundaða símenntun.